



HAFNARFJÖRÐUR

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
b.t. Páls Guðjónssonar, framkvæmdastjóra
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Hafnarfirði 17. ágúst 2015
Mál.nr. 1405118

Efni: Rannsóknir vegna spennivirkis við Fossvallaklif í Mosfellsbæ.

Fyrirhugað spennivirkni fyrir Sandskeiðslínu við Fossvallaklif í Mosfellsbæ er staðsett á grannsvæði vatnsverndar. Því mun ekki heimilt að reisa spennivirknið nema minnka grannsvæðið. Slík breyting getur reynst tímafrek nema allir aðilar leggist á eitt.

Hér er um að ræða verulegt hagsmunamál fyrir Hafnarfjarðarbæ. Dragist bygging umrædds spennivirkis eru allar líkur á því að tilfærslu háspennulína á íbúasvæði í Hafnarfirði muni jafnframt seinka sem því nemur. Við það getur Hafnarfjarðarbær alls ekki unað.

Til þess að málið taki sem stystan tíma þarf þegar að ráðast í rannsóknir til þess að hægt sé að minnka áðurnefnt grannsvæði vatnsverndar við Fossvallaklif. Fyrir liggur að kostnaður við frumrannsókn sem hefja þyrfti strax er um 2,5 milljónir króna.

Með bréfi þessu fer Hafnarfjarðarbær fram á það við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að þau greiði götu málsins og sjái til þess að nauðsynlegar rannsóknir geti þegar í stað farið fram.

Virðingarfyllst,

Kristján Sturluson

sviðssjóri stjórnsýslusviðs og staðgengill bæjarstjóra